



Nefndasvið Alþingis

B.t. Fjárlaganefndar

nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 12. desember 2021.

Efni: Umsögn Verkfraeðingafélags Íslands (VFÍ) um frumvarp til fjárlaga 2022 (1. mál) og tillögu til þingsályktunar um fjármálastefnu fyrir árin 2022-2026 (2. mál).

Verkfraeðingafélag Íslands hefur skoðað ofangreint frumvarp og þingsályktunartillögu. Mikilvægt er að setja umfjöllunina í samhengi við sáttmála ríkisstjórnar Íslands sem var kynntur 28. desember síðastliðinn. Það er einkum þrennt sem VFÍ vill benda á í tengslum við gerð fjárlaga og fjármálastefnu fyrir árin 2022-2026.

- 1) Vísindaleg þekking er undirstaða allra tæknibreytinga, þ.m.t. aðgerða í loftslagsmálum sem óhjákvæmilegar eru á næstu árum. Þetta kemur ágætlega fram í fyrrgreindum ríkisstjórnarsáttmála. Meðal helstu veikleika Íslands þegar nýsköpunargeta samfélagsins er metin hefur um árabíl verið lágt hlutfall útskrifaðra nemenda úr verkfræði og raunvísindum (t.d. samkvæmt WIPO Global Innovation Index fyrir árið 2021 þar sem Ísland er í 82 sæti af 132 löndum). Í ljósi þessa er afar mikilvægt að að efla raungreinakennslu og tryggja hæfa kennara til þeirra starfa. Til þess þarf bæði fjármagn og hvatningu.
- 2) Nýtt innviðaráðuneyti getur, ef vel tekst til, orðið til góðs. Þar skiptir sköpum að tryggt sé að fjármagn og þekking verði til staðar til að sinna þeim verkefnum sem þessu nýja ráðuneyti er ætlað. Í ríkisstjórnarsáttmála segir um húsnæðismál : „Unnið verður að því að endurskoða regluverk, innleiða stafræna stjórnáætlun í auknum mæli og einfalda umgjörð um byggingariðnað í því skyni að lækka byggingarkostnað án þess að það sé á kostnað gæða og algildrar hönnunar“. Það getur verið gott að einfalda hluti og skoða regluverk á hverjum tíma. Hins vegar er vandamál íslensks byggingariðnaðar ekki regluverk heldur slæleg vinnubrögð og fúsk. Það er því nauðsynlegt að skoða þennan málaflokk út frá því sjónarmiði að góð hönnun og vönduð vinnubrögð eru forsenda þess að raunkostnaður neytandans lækki. Í ljósi þessa er erfitt að skilja framangreindan texta úr ríkisstjórnarsáttmálanum. Nær væri að geta um mikilvægi staðla í íslenskum byggingariðnaði, hlúa að gerð þeirra og tryggja fjármagn til þess verks.
- 3) Í ljósi framanritaðs er nauðsynlegt að benda á mikilvægi rannsókna í íslenskum byggingariðnaði. Þegar Nýsköpunarmiðstöð Íslands var lögð niður var annars vegar stofnað Tæknisetur og hins vegar sjóðurinn Askur til að efla rannsóknir og nýsköpun í

mannvirkjagerð á Íslandi. Óljóst er hvaða fjármunum Tæknisetri eru ætlaðir. Til þess að Askur þjóni tilgangi sínum þarf að stórauka framlög til hans en einhverra hluta vegna hefur bæði í fjárlagafrumvarpi og fjármálaáætlun 2022-2026 gleymst að gera ráð fyrir þessu. Ef ekki verður að gert mun það hafa óbætanlegan skaða í för með sér.

Reykjavík, 12. desember 2021.

Stjórn Verkfræðingafélags Íslands.